

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) nr. 1056/72**frá 18. maí 1972****um tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar um áhugaverð fjárfestingarverkefni fyrir bandalagið á sviði jarðolíu, jarðgass og raforku**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 5. og 213. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Mótun sameiginlegrar stefnu í orkumálum er eitt af markmiðunum sem bandalögin hafa sett sér og það kemur í hlut framkvæmdastjórnarinnar að mæla fyrir ráðstöfunum í þessu sambandi.

Eftir að hafa kannað orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um fyrstu drög að stefnu bandalagsins í orkumálum frá 18. desember 1968 tók ráðið ákvörðun á 88. fundi sínum, sem haldinn var 13. nóvember 1969, og

- samþykkti grundvallarreglur þær sem í orðsendingunni fólust með hliðsjón af skýrslu frá nefnd fastafulltrúa;
- æskti þess að framkvæmdastjórnin legði sem fyrst fyrir það raunhæfar tillögur um það sem væri mest aðkallandi á þessu sviði;
- féllst á að kanna þessar tillögur eins fljótt og auðið væri í því skyni að koma á sameiginlegri stefnu bandalagsins í orkumálum.

Einn þáttur slíkrar stefnu er að fá heildarmynd af þróun fjárfestinga. Þetta mun meðal annars gera bandalaginu kleift að gera nauðsynlegan samanburð.

Eigi þetta verk að takast verða að liggja fyrir eins ítarlegar upplýsingar um fjárfestingar og mögulegt er. Þegar um er að ræða kol og kjarnorku hvílir sú skylda á fyrirtækjum, samkvæmt stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu, að tilkynna um fjárfestingarverkefni sín. Æskilegt er að bæta upplýsingum um jarðolíu, jarðgas og rafmagn við þessar upplýsingar. Í þessu augnamiði ætti að upplýsa framkvæmdastjórnina um fjárfestingarverkefni sem eru áhugaverð fyrir bandalagið á viðkomandi sviðum.

Eigi framkvæmdastjórninni að takast að leysa ætlunarverk sitt af hendi verða henni að berast tímanlega upplýsingar um allar verulegar breytingar á slíkum fjárfestingarverkefnum, einkum að því er varðar tíma sem þarf til að hrinda þeim í framkvæmd og fyrirhugaða vinnslugetu. Af þessu leiðir að óhjákvæmilegt er að tilkynna um slíkar breytingar.

Í þessu skyni ber aðildarríkjunum að veita framkvæmdastjórninni ítarlegar upplýsingar um fjárfestingarverkefni sem snerta vinnslu, geymslu og dreifingu á jarðolíu, jarðgasi eða raforku sem fyrirhuguð eru á yfirráðasvæði þeirra. Einstaklingar og fyrirtæki sem hlut eiga að máli skulu í þessu skyni skuldbundin til að veita aðildarríkjunum umræddar upplýsingar.

Æskilegt er að framkvæmdastjórnin geti eftir þörfum mælt fyrir um tiltekin hagnýt atriði eins og form og innihald tilkynninga sem sendar verða.

Tryggja ber að skyldur sem kveðið er á um í þessari reglugerð séu virtar og að þagmælsku sé gætt við meðferð þeirra upplýsinga sem safnað er.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

1. Fyrir 15. febrúar ár hvert skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni upplýsingar sem þau hafa safnað á grundvelli ákvæða 2. mgr. um fjárfestingarverkefni þau sem talin eru upp í viðaukanum og tengjast vinnslu, flutningi,

geymslu og dreifingu á jarðolíu, jarðgasi eða raforku og áætlað er að hafist verði handa við innan þriggja ára frá 1. janúar það sama ár.

Aðildarríkin skulu bæta athugasemdum sínum við þessar till kynningar ef slíku er til að dreifa.

2. Fyrir 15. janúar ár hvert skulu þeir einstaklingar og fyrirtæki sem í hlut eiga senda ítarlegar upplýsingar um fjárfestingarverkefni þau sem um getur í 1. mgr. til aðildarríkjanna þar sem fyrirhugað er að unnið verði að þeim og er þá fullnægt þeim skuldbindingum sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

3. Í tilkynningum þeim sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. skal enn fremur getið um vinnslugetu sem er fyrir hendi eða sem fyrirhugað er að taka úr notkun innan þriggja ára.

4. Þegar vinnslugeta eða umfang sem um getur í viðaukanum er reiknað skulu aðildarríkin, einstaklingarnir eða fyrirtækin sem í hlut eiga taka tillit til allra þátta verkefnisins, enda myndi þeir eina órofa heild í tæknilegu tilliti, eins þótt verkefnið sé unnið í nokkrum stigum hverju á eftir öðru.

2. gr.

1. Þegar um er að ræða fjárfestingarverkefni sem fyrirhuguð eru eða unnið er að skal taka fram eftirfarandi í tilkynningum þeim sem um ræðir í 1. gr.:

- nafn og heimilisfang eða aðsetur þess einstaklings eða fyrirtækis sem hyggst fjárfesta;
- tilgang og eðli slíkra fjárfestinga;
- fyrirhugaða vinnslugetu eða afl;

— hvenær framkvæmdir eiga að hefjast og hvenær fyrirhugað er að rekstur hefjist;

— hvaða hráefni verða notuð.

Greini tilkynningin frá því að fyrirhugað sé að hætta rekstri ber að taka eftirfarandi fram:

— um hvers konar búnað er að ræða, vinnslugetu hans eða afl;

— hvenær rekstri búnaðarins verði líklega hætt.

2. Innan þeirra marka sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og viðaukanum við hana er framkvæmdastjórninni heimilt að setja reglur um form, innihald og annað sem tengist þeim tilkynningum sem kveðið er á um í 1. gr.

3. gr.

Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir ráðið yfirlit yfir þær upplýsingar sem aflað er samkvæmt þessari reglugerð.

4. gr.

Fara skal með þær upplýsingar, sem lagðar eru fram á grundvelli þessarar reglugerðar sem trúnaðarmál. Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir að almennar upplýsingar eða útdrættir, sem ekki fjalla um einstök fyrirtæki, verði birtir.

5. gr.

Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að þeim skuldbindingum sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. og 4. gr. sé fullnægt.

6. gr.

Reglugerð þessi skal öðlast gildi einum mánuði eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir án frekar lögfestingar í öllum aðildarríkjunum.

Gjört í Brussel 18. maí 1972.

Fyrir hönd ráðsins,

M. MART

forseti.

VIÐAUKI

FJÁRFESTINGARVERKEFNI

1. JARÐOLÍA

1.1 Hreinsun

- hreinsistöðvar með a. m. k. 1 000 000 tonna vinnslugetu á ári;
- aukning á vinnslugetu hreinsistöðva upp fyrir 1 000 000 tonn á ári;
- olíuvinnslustöð („reforming/cracking plants“) sem afkasta hið minnsta 500 tonnum á dag.

Efnaverksmiðjur sem ekki framleiða brennsluólíur og/eða vélaeldsneyti, eða framleiða slíkt aðeins sem aukaafurð, eru undanþegnar.

1.2 Flutningur

- hráolíuleiðslur sem geta flutt eða fyrirhugað er að geti flutt ekki minna 3 000 000 tonn á ári og eru ekki styttri en 30 kílómetrar;
- leiðslur til að flytja afurðir unnar úr jarðolíu sem geta flutt eða fyrirhugað er að geti flutt ekki minna en 1 500 000 tonnum á ári og eru ekki styttri en 30 kílómetrar;
- útvíkkun á leiðslum eins og að framan getur á 30 kílómetra kafla hið minnsta eða lenging þeirra um minnst 30 kílómetra.

Leiðslur sem notaðar eru í hernaðarskygni og þær sem tengjast öðrum stöðvum en um getur í lið 1.1 eru undanþegnar.

1.3 Geymsla/dreifing

- geymar fyrir hráolíu og afurðir úr jarðolíu sem rúma ekki minna en 100 000 m³.

Geymar sem notaðir eru í hernaðarskygni og þeir sem þjóna öðrum stöðvum en um getur í lið 1.1 eru undanþegnir.

2. JARÐGAS

2.1 Flutningur

- gasleiðslur sem geta flutt eða fyrirhugað er að geti flutt ekki minna en 1 000 milljarða m³ á ári;
- útvíkkun á leiðslum eins og að framan getur á 30 kílómetra kafla hið minnsta eða lenging þeirra um minnst 30 kílómetra;
- birgðadreifingarstöðvar fyrir innflutning á fljótandi jarðgasi.

Gasleiðslur og birgðadreifingarstöðvar til hernaðarnota og þær sem þjóna efnaverksmiðjum sem ekki vinna orkuafurðir, eða framleiða þær aðeins sem aukaafurðir, eru undanþegnar.

2.2 Dreifing

- birgðastöðvar neðanjarðar sem hafa ekki minna geymslurými en 150 000 000 m³.

Búnaður til hernaðarnota eða sem þjónar efnaverksmiðjum sem ekki framleiða orkuafurðir, eða framleiða þær einvörðungu sem aukaafurð, er undanþeginn.

3. RAFMAGN

3.1 Framleiðsla

- venjulegar varmaflsstöðvar (rafalar sem hver um sig hefur 200 MW afl eða meira);
- vatnsraforkuver (orkuver sem hafa 50 MW afl eða meira).

3.2 Flutningur

- Flutningslínur, enda séu þær hannaðar fyrir 345 kV spennu eða meira.
-